

Fundargerð

23. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum, laugardaginn 24.maí 2003, kl. 10:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Gunnlaugur Karlsson, Þórarinn Sveinsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson úr íþróttamannanefnd og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

1. Fundur með fulltrúum Umf. Hrunamanna.

Formaður setti fundinn og bauð velkomna fulltrúa frá Umf. Hrunamanna, þá Smára Kristján Magnússon formann og Bjarka Eriksson stjórnarmann.

Rætt var um frjálsíþróttamál félagsins og möguleika á að efla frjálsíþróttastarfið á svæðinu. Fram kom í máli þeirra að aðeins væri boðið uppá eina æfingu í viku og að aðstaða væri léleg, en þó væri stökkgrýfja og kasthringur til staðar.

Ungt og efnilegt íþróttafólk væri á staðnum, en spurning væri um að ráða reyndann þjálfara til starfa og fjölga æfingum, en það kostaði auðvitað sitt og etv. væri lausnin á því að hafa samvinnu við önnur félög á svæðinu um ráðningu þjálfara.

Fram kom einnig að mikill körfuboltaáhugi væri á staðnum og að íþróttakennarinn á staðnum væri ekki nægilega jákvæður gagnvart öðrum íþróttagreinum. Formaður þakkaði að lokum þeim Smára og Bjarka fyrir að koma á fundinn og gera grein fyrir stöðu frjálsíþróttastarfssins á svæðinu og bauð þeim að sitja fundinn áfram sem þeir þáðu.

2. Fundargerð 22. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

3. Samstarfssamningar.

3.1 Samningur við RUV.

Lagður fram undirritaður samstarfssamningur við RUV um útsendingu á Gullmótum IAAF og annarra móta innanlands til næstu þriggja ára.

3.2 Kostunarsamningar vegna Gullmóta.

Unnið er að því að fá kostunaraðila fyrir útsendingu á sjónvarpsmótunum.

4. Búningamál.

4.1 Nýju keppnisgallarnir frá Panzeri sýndir, en þeir verða notaðir á Smáþjóðarleikunum á Möltu í fyrsta skipti.

4.2 Upphitunargallar.

Rætt um staðsetningu á merkingum á nýju upphitunargöllunum frá Adidas, en þeir eru komnir til landsins og fara í merkingu í næstu viku. Ákveðið að hafa merkingu framleiðanda og styrktaraðila á hægri brjósti, en lógó FRÍ og íslenska fánann á vinstra brjósti gallans.

5. Landsliðsmál.

5.1 Smáþjóðarleikar. Lögð fram tillaga ÍÞA á 20 manna keppnisliði. Samþykkt.

5.2 Evrópubíkarkeppni landsliða. Undirbúningur fyrir keppnina er hafinn.

Fararstjóri verður Gunnlaugur Karlsson og aðstoðarfararstjóri Dóra Gunnarsdóttir, þjálfarara auk Guðmundar Karlssonar landsliðsþjálfara verða þeir Eggert Bogason, Egill Eiðsson, Jón Oddsson og Jón Sævar Þórðarson. Samþykkt að framkvæmdastjóri kanni áhuga fjölmiðla á að senda fulltrúa með landsliðinu til Aarhus. Einnig ákveðið að senda fleiri fulltrúa frá FRÍ, FÍRR og etv. ÍTR til að kynna sér undirbúning vegna keppinnar hér á landi á næsta ári.

5.3 Gjald keppenda í ferðum á vegum FRÍ

Samþykkt að lækka daggjald keppenda á Smáþjóðarleikum úr kr. 3000.- í kr. 1500.- vegna lækkunar á kostnaðarhlut sérsambanda frá síðustu leikum. Gjald vegna Evrópubíkarkeppni og NM unglunga skal vera óbreytt kr. 3000.- á dag. Framkvæmdastjóri skal kynna sambandsaðilum þessa niðurstöðu. Þá var samþykkt að taka til endurskoðunar gjöld keppenda í öllum mótum á vegum FRÍ fyrir næsta keppnisár 2004.

5.4 Kynning á Afrekshópi ungmenna.

Lagt fram bréf frá Guðmundi Karlssyni og Fríðu Rún Þórðardóttur um kynningu á afrekshópi ungmenna í fjölmiðlum. Rætt um möguleika á að kynna hópinn í tengslum við kynningu á vali á landsliði fyrir Evrópubíkarinn.

5.5 Lagt fram bréf frá íþróttamannanefnd FRÍ um gjöld á keppendum í ferðum á vegum FRÍ.

5.6 Önnur landsliðsmál.

- a) Lagt fram yfirlit frá Guðmundi Karlssyni landsliðsþjálfara um stöðu afreks- og landsliðsfólks FRÍ.
- b) Lagðar fram hugmyndir Guðmundar um mögulegt samstarf milli FRÍ og SSÍ varðandi undirbúning fyrir Ólympíuleikana í Aþenu s.s. æfingabúðir og fleira í samráði við ÍSI.
- c) Lagðar fram upplýsingar frá fundi sem Guðmundur átti með “Kine á Íslandi” sem sérhæfir sig í hreyfigreiningu á íþróttafólki og möguleika á samstarfi milli FRÍ og Kine um það mál.

6. Mótamál.

6.1 Evrópubíkarkeppni á Íslandi 2004.

Framkvæmdastjóri kanni í samráði við ÍT ferðir hvort nægt gistirými sé laust fyrir keppendum sem kæmu til landsins vegna Evrópubíkarkeppni á næsta ári.

6.2 Mótaping EAA á Íslandi 2005.

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem hann átti, ásamt ÍT ferðum með markaðsstjóra Ferðamálaráðs, Ársæli Harðarsyni um möguleika varðandi það að halda þennan fund hér á landi í lok október 2005.

Ársæll bauðst til að láta útbúa upplýsinga- og kynningarpakka sem Jónas myndi kynna fyrir EAA á næsta fundi stjórnar 31.mái til 1.júní nk.

6.3 NM unglunga í fjölþrautum.

- a) Lagt fram bréf frá Fríðu Rún vegna undirbúnings fyrir mótið 2.-3.ágúst.
- b) Lagt fram tölvupóstbréf frá formanni frjálsíþróttadeildar Breiðabliks, dagsett 21.mái sl. vegna NM unglunga í fjölþrautum. Fram kemur að frjálsíþróttadeild Breiðabliks hafni erindi FRÍ um að hafa milligöngu um

að fá afnot af Kópavogsvelli vegna NM unglunga og óskar eftir að FRÍ snúi sér beint til Kópavogsbæjar.

7. Lagt fram – Innsend mál.

- 7.1 Lagt fram bréf frá Jóni Arnari Magnússyni, dagsett 20.maí sl. þar sem Jón Arnar óskar eftir því við stjórn FRÍ að fá leyfi til að sleppa við að keppa á Smáþjóðarleikum og Evrópubíkarkeppni landsliða, þar sem það rekist á alþjóðlegt tugþrautarmót sem hann hyggst taka þátt í Götzis og Ratingen, því hann vilji einbeita sér að keppni í sinni grein þ.e. tugþrautinni. Samþykkt að veita honum undanþágu frá þátttöku í Smáþjóðarleikum og Evrópubíkarkeppni þar sem þau skarist við ofangreind tugþrautarmót. Einnig kom Jón Arnar inná fyrirspurn frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks um 20% hlut FRÍ af styrk Afreksmannasjóðs til hans og spurði hvort einhver svör lægju fyrir um það. Rætt og samþykkt að allir geti sótt 5% af hluta FRÍ vegna þjálfarakostnaðar, afturvirkir frá 1.janúar sl., samkv. Reglum FRÍ um styrki. Ákveðið að ræða þessi mál frekar við ÍSÍ á fyrirhuguðum fundi í næstu viku og óska eftir breytingu og meira fjármagni til afreksíþróttamanna okkar, enda hafi styrkirnir bæði lækkað í krónutölu án þess að nokkuð komi á móti á sama tíma og laun og framfærsla hafi hækkað verulega á síðustu árum.
- 7.2 Lagt fram bréf og styrkumsókn frá Daða Rúnari Jónssyni vegna heimasíðu sem hann er að vinna að um frjálsíþróttir. Rætt og samþykkt að Þórarinn ræði við Daða Rúnar um mögulega aðkomu FRÍ að málinu og afli einnig frekari upplýsinga um það.
- 7.3 Ólympíulágmörk.
Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 23.maí sl. m.a bókun frá fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ varðandi ólympíulágmörk og þátttöku í Aþenu 2004. Samþykkt að vísa málinu til ÍÞA og óska eftir umsögn nefndarinnar um málið.
- 7.4 Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 19.maí sl., þar sem ÍSÍ óskar eftir fundi með FRÍ vegna bréfs frá Vésteini Hafsteinssyni.

8. Starfsmannamál.

Formaður lagði til að allir launaðir starfsmenn FRÍ skyldu hittast á fundi einu sinni í viku á skrifstofu FRÍ til að ræða málin og samræma aðgerðir í ýmsum málum. Framkvæmdastjóri skal boða til fundar og rita fundargerð til upplýsinga sem Skulu lagðar fyrir stjórn. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.